

1864.
4. júní.

alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Þegar fè ómyndugra, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á löglegan hátt, hefir ekki orðið komið á vöxtu fyrir þá leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sé lánað móti veði, samkvæmt ádurgreindri tilskipun, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði á ári.

2. gr.

Nú hefir fè ómyndugra eigi orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og skal þá fjárhaldsmanni leyft að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafè og þeirri leigu, er fengizt getur; þó má eigi lána einum manni meira fè á þenna hátt en 100 rdl.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða. Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 4. dag júnímánaðar 1864.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um borgun til forseta á alþingi fyrir störf hans eptir þinglok.

13. júní.

Í bréfi 22. maím. 1862 var reikningastjórnardeildinni skýrt frá, að dómsmálastjórnin 11. dag aprilm. þar á undan hafi skorað á stiptamtanninn yfir Íslandi — áður en skorið væri úr spurning þeirri, er reikningastjórnardeildin hafði hreyft, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sér fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, — að skýra sér frá, hvernig að hefði verið farið í þessu efni eptir að þingi var slitið árið 1861.

Stjórnarráðið fékk síðan þær skýringar um málið, sem eru í bréfi stiptamtannsins d. 23. júlí 1862, sem hér með fylgir ásamt einu fylgiskjali; í bréfi þessu fer embættismaður þessi

1864.
13. júní.

þar að auki þeim orðum um það atriði, sem hér er um rätt yfirhöfuð, að ef ekki yrði álitid, að það væri skylda forseta eptir stöðu hans, að afgreiða borgunarlaust málefni þau, sem eptir eru óafgreidd við þinglok, virtist réttast, að upphæð borgunar þessarar væri fast ákveðin, og ætti hún að hans áliti eigi að vera meiri en 50 rd. fyrir hvert þing. Í sambandi við þetta stakk stiptamtmaður upp á, að stiptamtmanni yrði á hendur falið að ávísar alla þá reikninga viðvíkjandi alþingiskostnaði, sem koma eptir þinglok; þó skyldi forseti þingsins fyrst rita á þá vottorð sitt um, að þeir væru réttir.

Útaf þessu kunngjörði stjórnarráðið stiptamtmanni í bréfi 10. dag marzm. f. á., að það féllist á hina síðast nefndu uppástungu hans, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, framvegis skuli ávísuð af stiptamtmanni, í stað þess að forseti alþingis hefði að undanfögnu ávísað þau. En hvað það snerti, hvort forseti eigi heimting á nokkurri og þá hverri borgun fyrir störf sín fyrir þingið eptir þinglok, þá varð stjórnarráðið að álíta réttast, að þetta atriði væri borið undir álit alþingis þess, er þá var fyrir hendi, og um leið var því skorað á stiptamtmann að hlutast til við konungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þyrfti í því efni, og sjá um, að lögð væri fyrir þingið skýrsla um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefði reiknað sér borgun fyrir störf sín.

Eptir að málið samkvæmt þessu hafði verið borið undir álit alþingis þess, er haldið var árið 1863 og forseti þingsins, eptir að málið hafði verið rétt, hafði látið greiða atkvæði um, hvort nokkuð skyldi skipta sér af því eður láta vera við það, sem verið hefði, þá samþykkti þingið með 20 atkvæðum mót 4 að ekki skyldi skipta sér af málinu¹.

Um leið og þetta er kunngjört reikningastjórnardeildinni, skal því við bætt, að dómsmálastjórnin ekki finnur ástæðu til að gjöra frekari ráðstafanir í þessu efni.

¹) Sjá alþ. tíð. 1863. II, 1146—1154.